

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Becromal Akureyri



<b>Dags eftirlits</b>	14.9.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella
<b>Fyrirtæki</b>	Becromal	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigurður Ingason,
<b>Heimili</b>	Krossanesbraut	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902070120	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Veronika Gspandl	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Emanuele Saiu	<b>Staðsetning</b>	540624,714 578699,611

### Niðurstaða eftirlits

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu varðandi frárennsli skv. kafla 6 í starfsleyfi

### Umfang eftirlits

Farið var yfir reglubundnar mælingar skv grein 3.1 í starfsleyfi og koma niðurstöður þeirra fram í Grænu bókhaldi. Fram kom að Becromal hefur fengið verkfræðistofu til að sjá um mælingar fyrir fyrirtækið og verður starfsmaður staðsettur á Akureyri til að sinna þessum mælingum. Becromal hefur keypt sýnatökubúnað til að sinna þessu. Allar mælingar hafa verið undir mörkum sem gefin eru í grein 2.8 í starfsleyfi.

Farið var yfir tilkynningablað sem sent var UST þann 7. sept 2012 þar sem fram komu frávik pH mælinga í júní, orsök þeirra, viðbrögð og úrbætur rekstraraðila. Lagfæringar hafa farið fram.

Rætt var um að Becromal sendi frávikaskýrslu um leið og gildin fara yfir mörkin en ekki safnað saman og sent í lok mánaðar eins og verið hefur.

Farið var yfir fráveitumál fyrirtækisins, fyrirætlanir Akureyrarbæjar og stöðu mála. Niðurstaða umræðna var að Becromal sendi nánari skýringar um stöðu mála í fráveitumálum til UST innan 10 daga frá eftirlitinu.

Farið var yfir Grænt bókhald, niðurstöður mælinga og frávik frá viðmiðunargildum pH sem tilkynnt eru til UST skv. grein 4.5 í starfsleyfi.

Farið var í skoðunarferð um svæðið, spilliefnageymsla, efnalager og vinnsla skoðuð, engar athugasemdir komu fram við þá skoðun. Svæðið er snyrtilegt og góður frágangur.

Steyptar þrær eru utan um efnabirgðatanka á lóð sem rúma innihald eins tanks. Fjórir tankar eru í hvorri þró. Steypt plan er fyrir efnamóttöku og liggur niðurfall þvert á planið sem tekur við efnunum verði rof á tanki.

Frávik frá	Lýsing á frávik
6. kafla í starfsleyfi	Í 6. kafla um ákvæði til bráðabirgða segir að frárennsli skuli veitt eigi síðar en 1. ágúst 2012 í fráveitukerfi Akureyrarbæjar um fyrirhugaða hreinsistöð í Sandgerðisbót. Ákvæðið er ekki uppfyllt.

### Athugasemdir

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu

### Annað

Verið er að byggja 690 m<sup>3</sup> söfnunartank fyrir frárennslið sem gerir alla stjórnun á pH gildum

frárennslisvatnsins auðveldari og verða núverandi söfnunartankar fjarlægðir. Verklok eru áætluð í apríl 2013. Stöðugt er verið að endurbæta vöktunarferli pH mælinganna og öryggisprópur hafa verið keyptar til að koma í veg fyrir að mælingar liggi niðri á meðan verið er að þrifa og endurstilla eftirlits própunar.

Sú skýring hefur komið fram af hálfu rekstraraðila vegna fráviksins sem að framan greinir, að fráveitukerfið á Sandgerðisbót sé ekki tilbúið.

Farið var yfir efni bréfs sem Umhverfisstofnun skrifaði Becromal 24. ágúst 2012 þar sem óskað var eftir ítarlegri upplýsingum um tilhögun fráveitu fyrirtækisins. Fram kom að Becromal áformaði að svara bréfinu í viku 38. Svarbréf rekstraraðila barst Umhverfisstofnun þann 28. september 2012.

Verið er að vinna að endurskoðun viðbragðsáætlunar fyrir fyrirtækið og sendir Becromal afrit til UST þegar þeirri vinnu er lokið.

Vinna við innleiðingu ISO 14001 er hafin og er reiknað með að það ferli taki um eitt ár. Einnig er verið að hefja undirbúning að ISO 18001.


Allur úrgangur, þ.m.t. spilliefni fara til Hringrásar og fá þau kvittanir því til staðfestingar. Kvittanir voru ekki skoðaðar að þessu sinni.

Fyrirhugað er að skipta út hreinsiefninu Ultrasil 110 yfir í Ultrasil 112 sem inniheldur ekki EDTA, eins og fram kemur í Grænu bókhaldi en þróunin á því hefur ekki gengið sem skildi en það er í vinnslu.

Stefnt er að því að nota fosfórsýru í stað Bórsýru og gefa rannsóknir góða raun um að það sé framkvæmanlegt.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var viðstödd eftirlitið. Aðrir fulltrúar rekstraraðila voru Jón Ragnar Magnússon og Rúnar Sigurpálsson

Reykjavík, 16.11.2012



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta